

# TÍMARIT

## ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA

RITSTJÓRI:

JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU.

XII. ÁR.



REYKJAVÍK 1918.

ÚTGEFANDI: SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA  
ÍSAFOLD — ÓLAFUR BJÖRNSSON.

### Efnisskrá:

	Bls.
<i>Einar Sigfússon: Verzlun og samgöngur</i> . . . . .	1— 29
<i>Jónas Jónsson: Hreinar linur</i> . . . . .	30— 36
<i>Sami: Ónumið land</i> . . . . .	37— 42
Skýrslur . . . . .	43— 48
<i>Jónas Jónsson: Saga samvinnuhreyfingarinnar</i> . . . . .	49— 51
<i>Jónas Jónsson: Samvinnuhorfur</i> . . . . .	52— 58
<i>Sami: Akureyri — Reykjavík</i> . . . . .	59— 64
<i>Jón Gauti Pétursson: Tvær aðferðir</i> . . . . .	65— 72
<i>Jónas Jónsson: Samvinnufélögin og Garðar Gíslason</i> . . . . .	73— 89
<i>Jónas Jónsson: Samvinnustefnan og »Landið»</i> . . . . .	90—113
<i>Páll Zóphóniasson: Straumhvörf</i> . . . . .	114—123
Skýrsla um námsskeið S. Í. S. 1918 . . . . .	124—127
<i>Tryggvi Þórhallsson: Frá útlöndum</i> . . . . .	128—134
Félagsmál . . . . .	136—140
<i>Jónas Jónsson: Nýjar leiðir</i> . . . . .	141—148
Framtíðarmenning - samvinnumenning (þýtt)	149—171
<i>Kaupfélagsvinur: Skólaheimavistirnar og kaupfélögin</i> . . . . .	172—183
<i>Jónas Jónsson: Sættargerð</i> . . . . .	184—188
<i>Sami: Utan úr heimi</i> . . . . .	189—199
Félagsmál . . . . .	200—204

## Sættargerð.

Mikið hefir verið talað um stéttarig hér á landi á síðustu árum. Sumir menn og sum blöð hafa mjög átalið andstöðu stéttanna, og það ekki sízt þeir aðilar, sem einna mest hafa alið á deilunum.

Fullkominn friður innanlands er tæplega æskilegur. Til þess að fá þann frið, yrði þjóðin að vera sofandi. Andstæður innbyrðis er að nokkru leyti vottur um lífsmark, þar sem deilt er um eitthvað verulegt, sem skoðanir hljóta að vera skiftar um. En hitt er verra, þegar kröftunum er sundrað til einskis. Deilt til að deila. Það er hættulegt.

Eðlileg andstæða er t. d. alt af milli vinnuseljanda og vinnukaupanda. Annar vill selja dýrt, það sem hinn vill fá ódýrt. Af þessu leiðir hin eilífu Hjadningavíg milli auðmanna og öreiga. Þeir líta svo á að annars líf sé hins dauði. Þeir berjast um yfirráð sama hlutarins — auðsins. Það sem er annars gróði, telur hinn vera sitt tjón.

Það er þess vegna ekki undarlegt, þó að hinn öri samdráttur auðsins hér á landi á síðustu árum hafi orðið tilefni umfangsmikillar deilu milli stóratvinnuveitenda og verkmanna. Þar er eitthvað um að deila. Og friður milli þeirra stétta getur tæplega skapast, nema undir grebreyttum kringumstæðum.

En stundum virðist kali milli stétta á litlu bygður t. d. milli landbænda og sjávarbænda, milli alþýðu

og alþýðu í kaптúnunum. Lífsskilyrði beggja stétta eru því nær hin sömu. Báðir strita í sveita síns andlitis. Um eiginlegan mun milli vinnukaupanda og vinnuseljanda er ekki að ræða, enga óbrúanlega gjá, sem skilja yfirlýð frá undirgefnum. Sumir erja jörðina og draga auðæfin í skauti hennar. Aðrir draga gull úr greipum sjávarins. Enginn djúptækur munur er á atvinnuvegum þessara stétta.

Og samt bólar töluvert á kala milli þessara stétta, sem fremur hefir farið vaxandi á seinni árum. Tilefnið á að vera fjármunaleg andstæða. Hvor aðilinn ber hinum á brún ósanngjarni *um verðlag á seldum afurðum*. Deilan um vinnuafnið verður ekki tekin hjer til umræðu, enda er hún ekki djúptæk.

Sveitabændur þykjast alloft beittir órétti af sjávarmönnum um verðlag á fiskmeti. Fullyrða að þeim sé seld varan hærra verði, heldur en framleiðendur fái fyrir hana á erlendum markaði. Gagnstæða sögu segja kaupstaðarþúarnir. Þeir kvarta um verðið á kjötinu, tólginni og smjörinu. Það sé gegndarlaust og uppskrúf að fram úr hófi. Með því að halda á lofti einstökum dæmum um ósanngjarna sölu á innlendum matvælum hefir tekist að skapa furðu mikla en ærið ástæðulausa úlfúð milli sveitafólks og kaптúnabúa.

Eg vil engan veginn neita því, að til muni vera þeir menn og það æðimargir, sem fara eins langt og þeir komast í afurðasölunni. Eg hefi jafnvel talað við einstöku menn, og það mæta menn að mörgu leyti, sem hafa haldið því fram, að það væri brein og bein vitleysa að hugsa um nokkuð annað í þessum efnum en að komast sem lengst í skiftunum við náungann.

Ekki verður við því gert þótt nokkrir menn séu til svo hardlyndir. Hitt er verra ef þeim tekst að hafa viðtæk, og ef til vill óheppileg áhrif, á viðskifti fjölmennustu stétta í landinu. En til þess að svo verði ekki til frambúðar, þarf að leitast við að finna réttlátan

grundvöll til að byggja á verslunarviðskifti innanlands.

Deiluefnið er ofureinfalt, framleiðendum til lands og sjávar er borið á brún, að þeir setji hvor um sig *of hátt verð á framleiðslu sína*, sem seld er innanlands.

Ef hægt væri að benda á einhvern algildan verðmæli, sem báðir málspartar væru fúsir að viðurkenna, og fylgja í verki, þá væri mikið á unnið. Það væri sama og að kasta í eldinn þrætuepli, sem sundrar afi þjóðarinnar að nauðsynjalausu.

Og það er síður en svo að þessi grundvöllur sé torfundinn. Menn nefna hann hér um bil alt af um leið og þeir bannsyngja náungana, sem ekki vilja fylgja réttlátum mælikvarða í kaupum og solum. *Þessi grundvöllur er markaðsverð vörunnar erlendis.*

Frá sjónarmiði þeirra, sem álita markaðsverðið endurskin framleiðslukostnaðar (í öllum aðalatriðum) liggur þessi úrlausn ofboð nærri. Markaðsverðið í viðasta skilningi verður þá hér um bil sama og sannvirði. En að fá hlutina með sannvirði er draumur allra þeirra, sem eitthvað þurfa að kaupa. Allur galdurinn væri þá í því fólgin, að kjöt, smjör, tólg og fiskmeti væri jafnan selt hér með því verði, sem samskonar vörur seldust fyrir á erlendum markaði.

Samt eru nokkrar vörur, sem ekki verða seldar til útlanda, svo að miða megi verðlag þeirra við það. Svo er t. d. um mjólk, skyr, nýtt kjöt að vori eða sumri til o. s. frv. Með þessar vörur yrði að fara eftir því, sem greinagóðum mönnum teldist til um framleiðslukostnaðinn. Verður ekki fjölyrt um þá hlið málsins hér.

Aðalvandinn viðvikjandi verðlagi þeirrar vöru, sem til útlanda er flutt, er sá, að hið endanlega verð erlendis er ekki ætíð orðið til, að minsta kosti *ekki* almenningi kunnugt, þegar þarf að nota það sem verðmæli. Þar að auki er erfitt að segja um endanlegt verð á kaupmannsvöru, seldri erlendis. Salan oft fram-

kvæmd gegnum milliliði, og reikningar ekki greiðir aðgöngu almenningi. Væri þess vegna um tóma kaupmannsverslun að ræða, mætti heita frágangssök að fara þessa leið.

En hér koma samvinnufélögin til bjargar. Þeirra verð er opinbert. Forkólfar þeirra hafa hvorki löngun né mátt til að halda því leyndu. Um það má vita á hvaða tíma sem er.

Í framkvæmdinni má gera ráð fyrir þessu þannig, að t. d. kjötið er selt innanlands *skilyrðis bundið*. Endanlegt verð þess á að verða hið sama og *meðalverð hins útflutta kjöts*, að frádrægnum óhjákvæmilegum aukakostnaði við sendinguna til útlanda. Á sama hátt yrðu aðrar vörur seldar, t. d. fiskur til sveitamanna. Um leið og afhending fer fram er gert ráð fyrir, að lágmark yrði ákveðið og venjulega greitt. En síðan bætt við, þegar endanlegt verð vörunnar yrði almenningi kunnugt.

Það skal játað undireins, að þessi skilorðs bundna sala innanlands, væri óframkvæmanleg nema milli félaga bæði í sveitum og við sjó, þar sem hvor aðili léti sína framleiðslu gegn viðunandi tryggingu.

Þetta fyrirkomulag hefir verið lítið eitt reynt í einu kaupfélagi norðanlands. Í því eru bæði sjómenn og sveitamenn. Á sumrin síma bændur til kaupfélagsins, þegar fiskafi er, og panta ákveðna þyngd af nýjum fiski. Ökumenn, sem annast flutninga upp til dalanna, flytja fiskinn, það sem akbraut nær. Þá taka eigendur við. Ef mikil eftirspurn er um fisk til sveitamanna, lætur kaupfélagið þá sitja í fyrirrúmi. Annars er afinn gerður að útflutningsvöru. Þetta skipulag hefir gefist vel, það sem reynslan nær. Það er á góðum vegi með að eyða gagnkvæmri tortrygni milli landbændna og sjávarmanna í því héraði, sem um er að ræða.

Samt er þetta ekki nema byrjun. Spor stigið í

rétta átt. Framkvæmdir í stórum stíl er líka örðugar vegna þess, að mestöll fisksala er í kaupmannahöndum. En þegar samvinnuhreyfingin er búin að festa rætur við sjávarsíðuna, sem væntanlega verður innan skamms fer þetta að verða auðveldara.

Við það eru tveir kostir. Fyrst það, sem nú hefir verið ádrepið, að *sannvirðið* yrði sá grundvöllur, sem sættagerð tveggja stærstu stéttanna í landinu yrði að byggjast á. Og í öðru lagi væri hér um verulegt aðstöðu hagræði að tefla. *Tími einyrkjans* er orðinn dýr. Vöruaðrættir, einkum í sveitum, taka afarmikinn tíma, ekki einungis flutningarnir heldur líka innkaupin, ef í marga staði þarf að sækja. Kaupfélögin eru á góðri leið með að bæta úr þessu. Þau þurfa að geta útvegað hverjum félagsmanni alt, sem hann þarf til heimilisins. Þau gera það nú að mestu leyti, einkum með erlendu vöruna. En þá ætti að vera hægur leikur að bæta við innlendu framleiðslunni. Sennilega verður þess ekki langt að bíða, að sérstakir menn taki að sér mikið af nauðsynjavöruflutningi sveitamanna. Það er annað spor á framfarabrautinni. Verkskiptingin sparar. Og hér er vinnuaflid dýrast.

Margt fleira mætti rita um hugmynd þessa til að gera hana glegrri og skýrari. En þess gerist ekki þörf. Að þessu sinni nægja nokkrir almennir frumdrættir. En þeir sýna ljóslega að á þessu sviði, sem mörgum öðrum, hefir samvinnan drjúga yfirburði fram yfir samkepnina, bæði fyrir einstaklinginn og þjóðina.